Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

SSNE
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Landgræðslan

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Vinnumála stofnun

NSN
Nýsköpunarsjóður námsmanna

Orkustofnun

NÝSKÖPUN Í NORÐRI

Sveinn Margeirsson og
Hildur Ásta Þórhallsdóttir

JANÚAR | 2021

Efnisyfirlit

Inngangur **2**

Framgangur verksins **3**

- Íbúafundir 3
- Rýnihópavinna 5
- Vinnustofa NÍN maí 2020 7
- Vinna sumarið 2020 8
- Uppbygging netverks 12
- Náttúruvernd í norðri 13
- Rafræn samskipti virkjuð 14
- Fjármögnun NÍN og stuðningur við frumkvöðla 16

Framhald NÍN **17**

- Lærdómur af NÍN 19

Inngangur

Í tengslum við sameiningarviðræður Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar settu sveitastjórnir sveitarfélaganna fram markmið um að nýtt sveitarfélag verði þekkt og eftirsótt fyrir frábært mannlíf og einstaka náttúru. Til að ýta undir það var blásið til metnaðarfulls verkefnis, *Nýsköpun í Norðri* (NÍN), sem hefur að markmiði að nýtt sveitarfélag verði í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar, þar sem tekið verði mið af tæknibreytingum og tækifærum tengdum þeim og byggðir upp og samnýttir innviðir sem treysta samkeppnishæfni svæðisins til lengri tíma.

Með NÍN hafa sveitarfélögin gert sig betur í stakk búin að takast á við þær miklu samfélags- og tæknibreytingar sem nú eiga sér stað og þannig snúa byggðaþróun til betri vegar. Endurskoðun aðalskipulags sveitarfélaganna er grundvallaratriði til að ná megi fram markmiðum NÍN og hefur vinna við endurskoðun þess verið unnin samhliða vinnu við NÍN. Endurskoðunin hefur byggst á samþættingu grænnar verðmætasköpunar, samhengis verndunar og nýtingar náttúru og samfélags í sókn, í anda myndarinnar hér að neðan:

Unnið var samkvæmt hugmyndafræði staðbundinnar valdeflingar (e. local empowerment) innan verkefnisins og í því samhengi lögð mikil áhersla á samráð við íbúa sveitarfélaganna. Fjölbreyttum aðferðum var beitt við íbúasamráð á tímabilinu ágúst 2019 til desembermánaðar 2020. Íbúafundir voru hornsteinn vinnunnar, en utan þess voru starfræktir svæðisbundnir og blandaðir rýnihópar, tekin djúpviðtöl og haldin rafræn „opin hús."

Óhætt er að segja að NÍN hafi skilað margskonar árangri. Íbúafundir, með áherslu á tækifæri og ógnanir voru góð leið til að hafa áhrif á umræðu innan sveitarfélaganna. Aukaárangur af NÍN var undirbúningur fyrir rafrænt samstarf í janúar-febrúar 2020. Þegar COVID-19 áfallið reið yfir hafði þegar fengist reynsla af framkvæmd stórra rafrænna funda, sem skipti miklu í samhengi vinnu rýnihópa, þvert á sveitarfélögin, fram í maí 2020. Segja má að rafrænum samskiptum, sem flestir hafa þurft að tileinka sér, hafi verið þjófstartað með NÍN. Samstarf við háskóla, vor og sumar 2020 gaf áþreifanlegar niðurstöður með ráðningu 13 nemenda sem og tenging staðbundinna aðgerðastjóra sumarið 2020. Með ráðningu verkefnisstjóra NÍN í starf sveitarstjóra Skútustaðahrepps breyttist taktur NÍN nokkuð og má segja að undirbúningur frá ágúst 2019 til ágúst 2020 hafi nýst sérstaklega vel við vinnu tengt gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs og í tengslum við stefnumörkun sveitarfélaganna varðandi viðspyrnuaðgerðir í kjölfar COVID-19.

1. Framgangur verksins

1.1. Íbúafundir

Mikilvægur hluti af NÍN voru alls tólf íbúafundir sem haldnir voru á tímabilinu ágúst 2019 til janúar 2020. Alls mætt um 120 manns á fundina og var lögð áhersla á persónulegt samtal um tækifæri í nærsamfélagi fundanna, sem haldnir voru í félagsheimilum sveitarfélaganna. Á síðari hluta tímabilsins var sjónum jafnframt beint að ógnunum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir, m.a. tengt loftslagsmálum og tækniumbyltingum.

Framkvæmd fundanna var í einfaldri mynd með þeim hætti að þátttakendum var raðað upp með „spjallfyrirkomulagi“ og fóru fundarmenn síðan yfir tækifæri og ógnanir sem við þeim blöstu. Það kom síðan í hlut verkefnisstjóra að taka tillögur fundarmanna áfram í umræðu og setja fram tækifæra- og ógnanakort í framhaldi funda.

Netfangalisti var tekinn á fundunum og fésbókarsíða fljótlega stofnuð, ásamt Messenger hópum sem unnu á milli funda að tilteknum tækifærum, t.d. tengt skógrækt í Fnjóskadal. Tækifærakort íbúafunda má sjá hér að neðan, en kortið var unnið í FreeMind, sem er ókeypis smáforrit, til að hægt væri að deila því með rýnihópameðlimum á síðari stigum, án kostnaðar.


Tækifæri
Klasi 1
Fullvinnsla matvæla
Ferðaþjónusta
Skipulag
Ímynd
Umhverfismál
Minjar
Jarðfræði svæðisins
Klasi 2
Skapandi sveit
Ferðaþjónusta
Sterk ímynd mikilvæg
Nýta styrkleika
Nýta hugvit af svæðinu
Loka svæðinu/Hringrásarhagkerfi
Umhverfismál
Breytt landnýting
Aðlaga framboð af vörum og þjónustu að breyttum markaði
Klasi 3
Ferðaþjónunsta
Matvælavinnsla
Nýta innviði
Skipulag
Þekkingarmiðstöðin Laugar
Skapandi greinar
Umhverfismál
Fornleifar + Menningarminjar
Klasi 4
Sagnagarður Þingeyinga
Auðlindagarður
Auðvelda skipulags- og leyfisveitingaferli
Umhverfismál
Nýta innviði og byggingar
Ferðaþjónusta
Góð þjónusta við eldri borgara
Klasi 5
Virkja fallvötn
Framleiða eigin áburð
Meiri ræktun
Nýta gömul útihús
Nýta hráefni sem falla til í vöruþróun
Sameiginlegt markaðsconcept svæðis
Uppbygging ferðaþjónustu concepta
Ná utan um og markaðssetja sögu svæðis
Menning og listir
Innviðauppbygging
Nýta orku svæðis í heimabyggð
Ná utan um staðbundna þekkingu
Klasi 6
Tækniþróun
Landnýting
Menning
Uppbygging íbúðabyggðar
Einfaldara regluverk


Klasi 4
Sagnagarður Þingeyinga
Auðlindagarður
Nýting jarðhita
Svína - og grísaeldi
Tengja orku, landnýtingu, samnýtingu innviða og nýsköpun saman
Auðvelda skipulags- og leyfisveitingaferli
Umhverfismál
Leysa plast af hólmi í landbúnaði
Banna plastpoka í Þingeyjarsveit
Nýta auðlindir og aðföng betur
"Afgangar" í áburð
Nýta og auka þekkingu á Laxá og lífríki hennar
Gæta þess að laxeldi spilli ekki veiði í Laxá veiði á villtum fiski og verðmætasköpun á grunni villtrar veiði
Auka samstarf við Landgræðsluna
Kolefnisjafna innan svæðis
Nýta sterka náttúru (verndar) ímynd sem er fyrir hendi
Koma sorpmálum í topp ástand
Flokkun
Endurnýta í samskonar vörur
Gefa kost á að nýta í annað
Nýta innviði og byggingar
Íbúðarhúsnæði
Útihús
Ljósleiðari
Nýta orku úr stærri virkjunum á svæðinu
Ferðaþjónusta
Auka staðbundna þekkingu á ferðaþjónustu ("ferðaþjónustufulltrúi")
Beint flug í Aðaldal
Dreifa og hægja á/stoppa ferðamenn
Fleiri stoppistaðir
Ísklifur
Víta hvert má vísa fólki
Má vísa fólki "út að sjó"?
Kolefnisjöfnun ferðamanna
Góð þjónusta við eldri borgara
Sjúkraþjálfun og þjálfun almennt
Samvera
Góð þjónusta fyrir hendi
Þriðjudagsferð eldri borgara
Sund á morgnana
Bocciaæfingar
Stuðla að samnýtingu innan "akstursplans" eldri borgara

1.2. Rýnihópavinna

Í kjölfar íbúafunda NÍN voru þrír rýnihópar skipaðir í hvoru sveitarfélagi fyrir sig í janúar 2019. Rýnihóparnir heyrðu beint undir stýrihóp NÍN, sem skipaður var 4-5 fulltrúum Þingeyjarsveitar og 4-5 fulltrúum Skútustaðahrepps, um 30 manns í heildina. Rýnihóparnir komu saman, staðbundið og rafrænt eftir atvikum, og unnu skýrslur fyrir þrjú umfjöllunarefni sem byggð voru á umræðum frá íbúafundum, (1) mannauður, (2) land, (3) umhverfi.

Rýnihópunum var falið að greina tækifæri innan Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, til skemmri og lengri tíma og hvernig megi nýta þau. Jafnframt greindu þeir hverjar helstu ógnanir í ytra umhverfi eru og þá sér í lagi með tilliti til þess hvernig þær koma í veg fyrir að unnt sé að nýta tækifærin. Hóparnir greindu styrkleika og veikleika innan sveitarfélaganna varðandi umfjöllunarefni hvers rýnihóps. Að auki greindu hóparnir vinnu annarra rýnihópa.

Afurð rýnihópanna var sett fram í stuttri skýrsla þar sem leitast var við að setja eftirfarandi fram með skýrum hætti fyrir hvert hinna þriggja umfjöllunarefna: (1) Niðurstöður TOWS greiningar á viðfangsefni viðkomandi rýnihóps, stutta samantekt á því hvernig viðfangsefni rýnihópsins tengist viðfangsefnum annarra rýnihópa, (2) tillögu að a.m.k. einni aðgerðaáætlun sem rýnihópur telur raunhæft að ráðast í næstu 12-36 mánuði í því augnamiði að raungera mikilvægt tækifæri sem rýnihópur hefur greint í vinnu sinni og (3) einfalda sviðsmynd fyrir árið 2030 sem endurspeglar stöðu viðfangsefnis rýnihópsins. Auk þess að hver hópur skiluðu skýrslu af sér á sameiginlegan gagnagrunn, voru niðurstöður kynntar á sameiginlegum fjarfundi á Zoom með öllum rýnihópum.

Á því stigi tóku stýrihópur og verkefnastjóri NÍN saman sex lykilaðgerðir, byggðar á þeim tækifærum sem greind voru í rýnihópavinnunni. Í kjölfarið voru meðlimunum þrjátíu sem sátu í rýnihópum skipt upp á ný, í „aðgerðahópa“ sem falið var að móta og skilgreina aðgerðirnar sex nánar. Aðgerðahóparnir skiluðu af sér skýrslu með verkáætlun fyrir aðgerðirnar í byrjun maí og í kjölfarið var rafrænn stöðufundur og vinnustofa í lok maí í Ýdölum (fjallað er um vinnustofuna síðar í skýrslunni). Vinna rýnihópanna var lögð til grundvallar í tillögum sveitarfélaganna til að mæta efnahagslegum áhrifum af COVID-19. Þær miða að framkvæmd aðgerða sem tryggja að farið geti saman viðspyrna fyrir atvinnulíf svæðisins og aukinn viðnámsþróttur samfélagsins m.t.t. loftslagsmála, matvælaframleiðslu og byggðafestu. Aðgerðirnar eru eftirfarandi:

1. Rannsókna- og nýsköpunarklasi: Uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir
2. Kolefnisbinding með skógrækt og landgræðsla með nýtingu heyfyrninga
3. Sameiginlegt vörumerki og Bændamarkaður
4. Uppbygging hringrásarhagkerfis í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi
5. Greining auðlinda, mannauðs, innviða og regluverks
6. Samstaða íbúa og samhangandi upplifun ferðamanna á öllu svæðinu

Þessar sex aðgerðir voru grundvöllur frekari vinnu innan NÍN og hafa verið æ síðan. Lagt hefur verið upp með að fjármagna aðgerðirnar með umsóknum í styrki úr samkeppnissjóðum og hafa sumar þeirra umsókna náð eyrum fagráða og stjórna, en aðrar ekki.

Það er mat skýrsluhöfunda (verkefnisstjóri NÍN og íbúi Skútustaðahrepps sem tók þátt í rýnihóp), að vinna rýnihópanna hafi gengið reglulega vel. Meðlimir rýni- og aðgerðahópa skipulögðu sjálfir hvernig þeir störfuðu. Í upphafi starfstíma komu þeir saman og settu saman starfsáætlun, sem tók mið af starfsáætlun NÍN. Haldið var utan um afrakstur rýnihópa með rafrænum hætti og útbúið sniðmát fyrir þá til að vinna inn í. Lagt var upp með að nýta Google skjalasvítuna til almennrar efnisvinnslu, fésbókar- og Messenger hópar voru settir upp fyrir hvern rýnihóp til skoðanaskipta og Zoom samskiptaforritið nýtt til rafrænna fundahalda og til þess fjárfest í aukaaðgangi að Zoom, sem reyndist nauðsynlegt vegna tímatakmarkana á ókeypis útgáfu forritsins.

1.3. Vinnustofa NÍN maí 2020

Þegar samkomutakmarkanir voru rýmkaðar gafst tækifæri til að halda vinnustofu NÍN, en hún var haldin 28.maí 2020.

Farið var yfir samhengi NÍN og verkefnisins Náttúruvernd í norðri, sem betur er fjallað um annarsstaðar í skýrslunni.

Pallborðsumræður leiddu vel í ljós þann kraft sem rýnihópavinnan hafði leyst úr læðingi og tenging við aðalskipulagsvinnu sveitarfélaganna tveggja sýndi samhengi NÍN og þeirrar vinnu.

Í tengslum við vinnustofuna sóttu fimm starfsmenn Listaháskóla Íslands (LHÍ) frumkvöðla víða um héraðið heim, með áherslu á Bárðardal. Á vinnustofuna komu jafnframt fulltrúar Háskólans á Akureyri (HA) og Nýsköpunarsjóðs Atvinnulífsins (NSA), sem og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þannig reyndist atburðurinn afar vel til áframhaldandi netagerðar og má með sanni segja að bjartsýni hafi svifið yfir vötnum þegar þátttakendur gengu út úr Ýdölum og við þeim tók þingeyskt sumarveður.

1.4. Vinna sumarið 2020

Sumarmánuðir 2020 voru líflegir í starfi NÍN. Endurskoðun aðalskipulags í sveitarfélögunum fór af stað með gerð skipulagslýsingar og samhliða því lagði verkefnastjóri NÍN áherslu á að samþætta þá vinnu við framkvæmd aðgerða NÍN, sér í lagi í samhengi aðgerðar 5. Að auki voru í kjölfar skila rýnihópanna í maí 2020 ráðnir fimm aðgerðastjórar til þriggja mánaða. Þeir funduðu á tveggja vikna fresti yfir sumartímann og héldu utan um samþættingu vinnunnar þvert á framkvæmd mismunandi aðgerða og leystu praktíska þætti tengt frumkvöðlum og nemendum sem komu að verkefnum NÍN. Samstarfsnet NÍN á þessum tíma var sér í lagi virkt gagnvart LHÍ, HA, HÍ, Framhaldsskólanum á Laugum (FL), Þekkingarneti Þingeyinga, Landgræðslunni og Mývatnsstofu, Menntaskólanum í Kópavogi og Vinnumálastofnun. Öflugir frumkvöðlar voru að störfum við framkvæmd eftirfarandi verkhluta:

1. *Rúllupp og búfjáráburðardreifing*

Samstarfsverkefni NÍN, Landgræðslunnar, FL og landeigenda, *Rúllupp*, sneri að kolefnisbindingu með uppgræðslu ógróinna svæða í og við hálendisbrún Suður-Þingeyjarsýsl og tengist beint aðgerð 2. Farið var með gamlar heyrúllur frá bæjunum á ógróin svæði þar sem að mestu var unnið við rofjaðra. Unnið var á átta svæðum og um 900 rúllum komið í uppgræðslu. Verkefnið fól einnig í sér fleiri þætti m.a. trjáplöntun, gróðurmælingar, söfnun víðistiklinga og vinnu við göngustíga og gönguleiðir. Haldnir voru þrír opnir uppgræðsludagar þar sem almenningur gat tekið þátt í uppgræðslustarfi og trjáplöntun. Auk verkefnisstjórans voru að störfum þrír nemendur FL á styrk frá Vinnumálastofnun.

Samhliða Rúllupp var búfjáráburði dreift í Skútustaðahreppi. Það verkefni sneri að uppgræðslu þar sem nýttur var gamall búfjáráburður og hann fluttur á friðað uppgræðslusvæði á Hólasandi sem er í umsjá Landgræðslu ríkisins.

2. *Matvælasókn*

Í þessum verkhluta, sem tengist aðgerð 4 beint, var sjónum beint að þeirri matvælaframleiðslu sem er á starfssvæði NÍN í dag og skoðað hvaða möguleikar kynnu að vera í boði til framtíðar. Þá fór mikil vinna í að starfa með aðgerðarhópi um heimaslátrun með það að markmiði að kanna möguleika á breytingum á regluverki þar að lútandi, en umræða um þetta málefni var áberandi á íbúafundum NÍN. Margir heimaframleiðendur voru heimsóttir og kannað hvað þeir væru með á prjónunum, einnig sláturleyfishafar til að skoða hvaða möguleikar væru í aukinni verðmætasköpun tengt hefðbundinni meðferð afurða bænda. Matarskemman á Laugum er ákveðinn miðpunktur í því sem hér er til skoðunar og þá ekki síst hvernig hún þarf að vera búin tækjum og mannafla til að mæta þörfum frumkvöðla. Verið er að vinna að framtíðarskipulagi þess fyrirtækis með þarfir og óskir íbúa um aðstöðu til aukinnar úrvinnslu í huga.

Sett var af stað tilraunaverkefni um útiræktun á grænmeti en það stöðvaðist vegna samkomutakmarkana. Þá var sett af stað verkefni til að vekja athygli á mismunandi flokkun lambakjöts og verðlagningu þess á markaði í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi en það stöðvaðist af sömu ástæðum. Vonast er til að þessi verkefni fari bæði af stað með hækkandi sól og auknu samkomufrelsi. Þá er búið að setja af stað tilraunaverkefni í nýsköpun í sauðfjárrækt (SAUÐNÍN) með það að markmið að auka verðmætasköpun og almenna vöruþróun í greininni. Það verkefni fer á fullan skrið nú á vordögum 2021.

3. *Stafræn leiðsögn og sameiginlegt vörumerki*

NÍN hóf undirbúningsvinnu í samstarfi við Mývatnsstofu og nemendur úr LHÍ og HÍ, í samhengi aðgerðar 3 og aðgerðar 6. Markmið sumarsins var tvíþætt. Í fyrsta lagi að þróa starfræna leiðsögn um svæðið fyrir gesti og íbúa, með skapandi og aðgengilegu korti á netinu sem sýnir mismunandi afþreyingu og aðdráttarafl á landsvæði Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Í öðru lagi að þróa sameiginlegt vörumerki fyrir ferðaþjónustu og alls kyns framleiðslu á öllu svæðinu. Í samræmi við nálgun úr rýnihópavinnunnar var stefnt á að ímynd svæðisins birtist í vörumerkinu, með áherslu á sjálfbærni, hringrás, náttúruvernd, sögu og menningu. Auk verkefnisstjóra störfuðu þrír útskriftarnemendur úr LHÍ við listræna þróun í verkefninu, og tveir nemendur úr HÍ við gagnaöflun og þróun heimasíðu.



Meginafurð þessa verkefnis var frumgerð af heimasíðu, *Leiðarþing*, þar sem kort af Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi er í forgrunni og upplýsingar um náttúruperlur, menningu, þjónustu gönguleiðir o.fl. eru veittar á aðgengilegan, skýran og aðlaðandi hátt. Á heimasíðunni eru merkingar byggðar á vörumerki sem þróað var á tímabilinu. Þessi grunnur mun nýtast í framhaldinu, en nú þegar er unnið að því að þróa heimasíðuna og vörumerkið frekar í samvinnu við Mývatnsstofu og háskólana. Í tengslum við aðgerð 3 og aðgerð 6 var jafnframt sótt um styrk til orkusjóðs til uppbyggingar hraðhleðslustöðva á sex stöðum í sveitarfélögunum tveimur. Fjórar milljónir fengust úhlutaðar og verða stöðvarnar settar upp sumarið 2021.

4. Önnur samstarfsverkefni við háskóla

Hópur útskriftarnema í hönnun og arkitektúr frá LHÍ hlutu í samstarfi við NÍN styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefnið *HÖNNÍN*. Yfir sumarmánuðina var stofnað stúdíóið *Útúr* í Stórutjarnaskóla þar sem nemendurnir höfðust við. Þrír mánuðir fóru í rannsóknir og skiptust í tvo hluta. Fyrri hlutinn var helgaður rannsóknum á fæðukerfum í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi og seinni hlutinn greiningum á staðbundnum leiðum. Afurð verkefnisins voru bæklingar byggðir á niðurstöður úr hvorum verkhluta, annars vegar *Rabarbarafantasían* og hins vegar *Verkfæri fyrir skynfærakortlagningu*. Í bæklingunum er rannsókninni miðlað til almennings í formi stuttra ritgerða, safni myndefnis, og kynningu á aðferðafræði verkefnisins. Nemendurnir leituðu til ýmissa samstarfsaðila frá mismunandi sviðum, innanlands sem utan, sem og til íbúa svæðisins. Við rannsóknina var lögð mikil áherslu á „more-than-human" sjónarhorn, sem á rætur að rekja í mannfræðilegar rannsóknir. Einnig avar lögð áhersla á að brjóta upp sjónarhorn sem einkennt hafa ímynd svæðisins, ögra núverandi kerfum og velta upp hugmyndum um nýja siði. Verkefnið gefur ekki lausnir heldur spyr það frekar spurninga um það hvernig við hugsum um nýsköpun með verkfærakistu nýrra hugmynda og nálgana sem aðrir geta kannað og mögulega tekið lengra. Bæklingarnir eru aðgengilegir á opinberu Instagram verkefnisins: @utur_project.



Margskonar samstarf hefur verið í gangi með Háskólanum á Akureyri og er sífellt unnið að þróun þess. HA hefur m.a. unnið ötullega að uppbyggingu sprotafyrirtækisins Mýsköpun, en verkefnisstjóri NÍN hefur nú tekið við stjórnarformennsku þar og eru fyrirhugaðar ráðningar tveggja starfsmanna. Samstarf verður haft við Mývatnsstofu um kyningu afurða Mýsköpunar í samhengi við almenna kynningu á tækifærum innan NÍN svæðisins. Í þessu samhengi er vert að benda á að Mýsköpun gekk nýlega frá samstarfssamningi við Landsvirkjun og hlaut 13,5 milljóna styrk úr Matvælasjóði, sem mun skipta þetta áhugaverða nýsköpunarfyrirtæki miklu máli.

5. *Uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir*

Í vinnu rýnihópa snerist aðgerð 1 sér í lagi um uppbyggingu aðstöðu. Þar var tvennt undir; *Matarskemman á Laugum* (fjallað um undir verkhluta 3) og *Uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir að Skútustöðum* (hótel Gíg). Rýnihópurinn skilaði skýrum niðurstöðum og í framhaldi af þeim skilum var minnisblaði skilað til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi málið. Í skilagrein rýnihópsins segir: *Meginmarkmið aðgerðarinnar er að móta farveg og grundvöll þekkingarseturs. Markmið aðgerðarinnar er í aðalatriðum tvíþætt, annars vegar að styrkja samfélag og byggð og hins vegar vettvangur fyrir aðila þekkingarsetursins til að efla starf sitt og starfsumhverfi.*

Frá skilum rýnihópsins hefur verið unnið eftir þessu markmiði. Mikil vinna hefur verið lögð í samskipti við stofnanir og ráðuneyti, auk þess sem hugur frumkvöðla til verkefnisins hefur verið kannaður. Ríkið hefur nú gengið frá kaupum á húsnæðinu og sveitarfélagið Skútustaðahreppur starfar eftir þríþættu aðgerðaplani tengt því:

1. Samstarf um uppbyggingu þekkingar- og nýsköpunarklasa í samstarfi við stofnanir, ráðuneyti og fyrirtæki
2. Deiliskipulag íbúðarbyggðar í nágrenni við þekkingar- og nýsköpunarklasann
3. Vistvæn tenging byggðarinnar við Reykjahlíð og Skútustaði með því að flýta lagningu göngu- og hjólreiðastígs þessa leið, í samstarfi við Vegagerðina

2. Uppbygging netverks

Þó að NÍN byggist í grunninn á grasrótarstarfi í héraði hefur tengslanetinu vaxið fiskur um hrygg á síðastliðnu ári. Samstarfsaðilar í einstaka verkefnum eru orðnir fjölmargir bæði á innlendum og erlendum vettvangi, þ. á m. sveitarfélög, rannsóknarstofnanir og háskólar, einstaklingar og fyrirtæki. NÍN hefur staðið fyrir og tekið þátt í fjölda umsókna um frekari styrki sem eflt hefur netverk þess til muna.

Þar vegur þungt verkefnið *Landlyst* sem mótað var á vettvangi NÍN í samvinnu við Vestmannaeyjabæ og send inn umsókn fyrir í markáætlun fyrir samfélagslegar áskoranir í september 2020. Landlyst er hringrásarvettvangur, sem leggur áherslu á að byggja upp nýsköpunarmiðað samfélag fyrir alla, á tímum örra breytinga á samfélagi og tækni. Að þróun Landlystar komu fjölmargir aðilar úr ólíkum kimum samfélagsins, svo sem HA, HÍ, LHÍ, Edinborgarháskóli, Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn, Þekkingarnet Þingeyinga og Þekkingarsetur Vestmannaeyja, sem og fjöldi staðbundinna einkafyrirtækja. Og þó að úthlutun hafi ekki hlotist úr sjóðum markáætlunar er ljóst að vinnan sem lagt var grunn að í þróunarferlinu mun bera af sér ávexti á öðrum vettvangi.

Tengslanet NÍN var svo stækkað enn frekar á haustmánuðum 2020. Samstarf við Edinborgarháskóla var tekið áfram og stefnt á að fá meistaranema í Suður-Þingeyjarsýslu árið 2021 í orkurannsóknir. Samstarf við Landgræðsluna og Skógræktina var styrkt með þróun verkefna tengt kolefnisbindingu og úrvinnslu skógarafurða. NÍN og Minjastofnun byrjuðu samtal um tækifæri í nýtingu minja á svæðinu og héldu saman tvo rafræna íbúafundi um málefnið. Samtal við teymi *Eims*, samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), hefur verið sífellt markvissara og stefnt er á virkt samstarf á milli Eims og NÍN árið 2021.

Þá kemur NÍN til með að taka þátt í tveimur alþjóðlegum verkefnum árið 2021. Annars vegar er um ræða verkefnið VALOR, sem NÍN hlaut styrk fyrir úr sjóðum NORA í desember 2020. Samstarf innan VALOR nær til Grænlands, Færeyja og Noregs. Hins vegar tekur NÍN þátt í verkefninu NorthEntrepreneurs - Barriers and Policies sem einnig er á vettvangi Norræns samstarfs (Nordregio). Þar er auk samstarfsfélögum í Færeyjum, unnið með aðilum frá Danmörku.

3. Náttúruvernd í norðri

Út frá íbúasamráði NÍN veturinn 2019-20 spruttu ótal hugmyndir um málefni sem rannsaka og þróa mætti frekar á svæðinu, náttúru og samfélagi í hag. Í þessu ferli kom berlega í ljós áhugi íbúa á að skoða markvisst tækifæri fyrir samfélag Þingeyjar- og Mývatnssveitar varðandi náttúruvernd á svæðinu. Í sveitarfélögunum eru samtals sjö svæði friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd og að auki verndarsvæði Mývatns og Laxár sem verndað hefur verið með sérlögum frá því 1974. Því þótti ástæða til þess að leggjast í greiningu á tækifærum þessu tengt sem getur nýst svæðinu til að styrkja byggðaþróun.

Út frá þeirri umræðu var ráðast í greiningu á fýsileika, áskorunum og göllum sem geta falist í því að verndarsvæði Mývatns og Laxár verði skilgreint sem þjóðgarður. Annar höfunda þessarar skýrslu, Mývetningurinn Hildur Ásta Þórhallsdóttir, sem tók þátt í rýnihópastarfi í NÍN, leiddi verkefnið og fékk NÍN styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að framkvæma slíka greiningu á þremur mánuðum frá febrúar 2020. Verkefnið varð hluti af forvinnu fyrir verkefnið Náttúruvernd í norðri, svokallað C9 verkefni í byggðaáætlun, sem unnið er á vettvangi Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra sem felur í sér að greina tækifæri og ávinning af frekari uppbyggingu í tengslum við náttúruvernd í Mývatns- og Þingeyjarsveit.

Staða verkefnisins í dag er sú að frumgreiningu er lokið sem og fyrsta verkþætti, sem fólst í sviðsmyndagerð út frá fýsileika aukinnar verndunar. Niðurstöður úr frumgreiningu og fyrsta verkþætti Náttúruverndar í norðri gefa hvoru tveggja til kynna að flækjustig varðandi náttúruvernd við Mývatn og Laxá sé hátt. En sýna frumniðurstöður að tækifæri fyrir heimamenn til verðmætasköpunar tengt náttúruvernd virðast vera tiltölulega lítið nýtt í samanburði við önnur byggð náttúruverndarsvæði. Annar verkþáttur, hagræn greining, og þriðji verkþáttur, sóknarfæri og þróun, standa yfir.

Þriðji verkþáttur verkefnisins snýr að því að greiningu nánari sóknarfæra og þróun svæðisins. Haldnir voru tveir rafrænir fundir þar sem óskað var eftir því að heimamenn tækju þátt í umræðum um tækifæri í náttúruvernd. Fundirnir voru ágætlega sóttir en lítið var um frumkvæði þátttakanda í umræðum. Skýrsluhöfundar finna verulega aukinn áhuga íbúa á umræðum á lokuðum fundum (í rýnihópum og djúpviðtölum) og á opnum fundum hins vegar. Þetta er eftirtektarvert, sérstaklega í ljósi niðurstaðna úr frumgreiningu sem gefa til kynna að heimamönnum þyki samráð frá náttúruverndar- yfirvöldum ábótavant, en þar hefur tíðkast í gegnum tíðina að halda opna samráðsfundi. Þetta gefur til kynna að aðferðir geta skipt höfuðmáli í skilvirkni og árangri við íbúasamráð.

4. Rafræn samskipti virkjuð

Rafræn samskipti hafa verið hornsteinn í nær öllu starfi NÍN. Eðli máls samkvæmt breyttist taktur samfélagsins við þær hömlur sem voru settar á vegna COVID-19 faraldursins, og víðast hvar þurftu fólk og fyrirtæki að sníða sér stakk eftir vexti og treysta á rafrænar lausnir í samskiptum. NÍN var þar engin undantekning og bjó í raun að ákveðnu forskoti í þeim efnum, því rafrænir samskiptahættir höfðu verið teknir upp fyrir komu kórónuveirunnar. Síðastliðið ár hefur NÍN þróað reynslu af ólíkum fjarskiptaforritum við ólík tilefni; dagleg störf innan stjórnsýslunnar, íbúasamráð, rannsóknarstarfi, teymisvinnu þvert á landshluta og kynningarstörf.

Á tímabilinu janúar-maí 2020 fóru fundarstarf rýnihópa NÍN að mestu fram í gegnum Zoom. Í fyrstu hittist hluti sex rýnihópa staðbundið, en þegar á leið þótti fýsilegra að funda alfarið á Zoom, sér í lagi þar sem vegalengdir, veður og seinna COVID-19 gerði rýnihópameðlimum erfitt fyrir að ferðast á milli staða. Fundir rýnihópanna sitt í hvoru lagi þóttu vel heppnaðir og vinna í gegnum Zoom markviss og skilvirk. Samhliða Zoom fundum var notast við Google skjalasvítuna, þar sem verkefnisstjóri deildi samskonar skapalóni milli meðlima einstakra rýnihópa. Í skapalóninu kom fram hvaða væntingar væru gerðar til vinnu rýnihópanna og gátu margir unnið í skjalinu á sama tíma. Vel gekk hjá hópunum að setja markmið og standa við þau. Tvisvar yfir tímabilið fóru svo fram stórir Zoom-fundir með öllum 30 meðlimum rýnihópa auk verkefnisstjóra. Hóparnir sex voru beðnir um að undirbúa kynningu á vinnu sinni og óskað eftir gagnrýninni umræðu á eftir. Skýr tímadagskrá og leiðbeiningar til allra gesta fyrir fundi gáfu góða reynslu af því að keyra vinnustofu á rafrænum vettvangi. Stóru vinnustofurnar gáfu rýnihópameðlimum að auki tækifæri til þess að spyrja verkefnisstjórn út í praktísk atriði og koma á framfæri athugasemdum. Þannig þjónuðu stóru Zoom fundirnir hlutverki samráðsvettvang og verður að mæla með slíkri nálgun í verkefni sem þessu. Skýrsluhöfundar sjá sérstaklega ástæðu til að hrósa rýnihópameðlimum fyrir aðlögunarhæfni í þessu starfi, sem breytti nokkrum sinnum um kúrs á meðan á því stóð. Samráð verkefnisstjóra og stýrihóps var afar mikilvægt í þessu samhengi og má segja að fleyg orð Eisenhowers hafi kristallast í starfinu: *Plans are nothing, planning is everything.*



Vorið 2020 voru einnig tekin viðtöl í tengslum við frumgreiningu verkefnisins Náttúruvernd í norðri en öll 32 viðtölin fór fram rafrænt, að utanskildum tveimur. Frumgreiningin, þar sem samfélagsleg viðhorf til verndunar voru könnuð, reyndist áhugaverð og lærdómsrík, bæði varðandi framkvæmd og niðurstöður. Framkvæmd gagnaöflunar byggðist alfarið á djúpviðtölum við heimamenn og hagaðila við Mývatn og Laxá. Rafræn djúpviðtöl skiluðu góðum árangri, rannsakandi notaði ýmsar lausnir allt eftir því hvað hentaði hverjum viðmælenda. Facebook, Microsoft Teams, Zoom og Google meet forritin voru öll nýtt í ferlinu og komu lítil sem engin vandkvæði upp. Þó óskaði einn viðmælanda eftir því að viðtalið færi fram í gegnum síma sökum þess að hann treysti sér ekki til að nota fjarskiptabúnað í tölvu. Meðalaldur viðmælenda var tiltölulega hár og því var ánægjulegt hversu vel gekk að safna gögnum með rafrænum

djúpviðtölum. Það er mat skýrsluhöfunda að góð tengsl hafi myndast á milli viðmælenda og spyrjandi í viðtölunum og að viðmælendum hafi virst líða vel með opin samskipti í gegnum tölvuskjáinn eða símann.

Á sumarmánuðum 2020 var reynsla fyrri mánaða af rafrænum samskiptaleiðum nýtt í starfi NÍN þrátt fyrir dvala kórónuveirunnar og frjálsræði í samgöngum innanlands. Aðgerðastjórarnir fimm funduðu á tveggja vikna fresti á þessu tímabili og notuðust við Zoom að mestu leyti. Síðla sumars og fram á haust lék fjarfundabúnaður svo lykilhlutverk við þróun verkefna í samvinnu við samstarfsaðila víða um land og heim. Til dæmis fundaði teymið sem stóð að verkefninu Landlyst daglega á Zoom og öll vinna fór fram í rafrænum skjölum sem unnin voru þvert á landshluta.

Í nóvember 2020 til janúar 2021 stóð NÍN fyrir röð rafrænna hittinga þar sem leitast var eftir samtali við íbúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, með það að markmiði að halda sambandi við grasrótina. Fundina, sem kallaðir voru „opin hús“ til þess að undirstrika áherslu á opna umræðu í stað formfastra kynninga, voru haldnir á hverjum fimmtudegi. Fyrsti fundurinn fór fram á Microsoft Teams en skipt var yfir í Zoom fyrir þá sem eftir komu. Reynsla NÍN er sú að Microsoft Teams hentar vel á vinnustað, í teymisvinnu þar inni og á lokuðum fundum með fáum aðilum. Hins vegar var Zoom hentugri fyrir opna viðburði. Einfalt er fyrir fólk að skrá sig inn og þægilegar stillingar í boði fyrir bæði kynningar og opnar umræður. Á síðasta tveimur „opnu húsum“ NÍN var reynt á svokölluð „Breakout rooms” á Zoom. Þar var gestum fundarins skipt upp í lokaða hópa og aðilum innan hópanna svo falið að deila með öllum fundinum hvaða málefni voru á dagskrá í hverjum hópi fyrir sig að umræðum loknum. Góð reynsla er af þessu og margt sem bendir til þess að hér sé komið fram verkfæri sem muni nýtast til að byggja undir lýðræðislega umræðu innan stjórnsýslunnar, sér í lagi í dreifðum byggðum. Við skjalavinnu hafa Google skjalasvítan og Teams verið notuð jöfnum höndum.

Að lokum má nefna að í dag starfa 9 manns hjá NÍN sveitarfélögunum og Mývatnsstofu, sem starfar með þeim, að hluta til eða öllu leyti án staðsetningar, en við upphaf NÍN verkefnisins í ágúst 2019 voru engin störf án staðsetningar hjá sveitarfélögunum. Microsoft Teams og annar fjarskiptabúnaður gerir þeim kleift að sinna starfi sínu af fullum krafti, hvort sem þau eru staðsett innan- eða utansveitar á hverjum tíma. Það er því ljóst að rafrænir samskiptahættir hafa nú þegar tekið sér bólfestu á starfsvæði NÍN. Mikilvægt er að stjórnsýsla á landsvísu tileinki sér slíka starfshætti til frambúðar og er ástæða til að auka metnað verkefnismarkmiðs B.07 í byggðaáætlun og fylgja því eftir með skýrum hætti: *Að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum*.

5. Fjármögnun NÍN og stuðningur við frumkvöðla

Til að fjármagna NÍN hefur verið leitað ýmissa leiða. Sumar þessara leiða hafa gengið eftir, en aðrar síður. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga var fyrsti stuðningsaðili NÍN og nemur fjármögnun sjóðsins samtals 20 milljónum króna. Ljóst má vera að þessi stuðningur hefur verið grundvöllur þess hve margt hefur komist til leiðar á vegum NÍN. Í tengslum við viðspyrnuaðgerðir ríkisstjórnarinnar og stuðning ríkisins við Skútustaðahrepp tengt þeim hefur sveitarfélagið ráðstafað samtals 15 milljónum til fjármögnunar NÍN. Þingeyjarsveit hefur ráðstafað sömu upphæð til fjármögnunar verkefnisins og samstarfs við Mývatnsstofu í samhengi þess. Fyrir utan fjármögnun Jöfnunarsjóðs og sveitarfélaganna tveggja eru heildartekjur sem aflað hefur verið tæpar 33 milljónir króna, en eftirfarandi verkhlutar NÍN hafa fengið brautargengi:

- Forverkefni náttúruverndar í norðri (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið)
- Náttúruvernd í norðri (C9 hluti byggðaáætlunar í samstarfi við SSNE)
- VALOR (NORA)
- NÍN (áhersluverkefni SSNE)
- HÖNNÍN (Nýsköpunarsjóður námsmanna)
- North Entrepreneurs - Policies and barriers (Nordregio)
- Orkuskipti samgangna (Orkusjóður)
- Rúllupp (Landbótasjóður)

Að sama skapi hafa allnokkrar umsóknir um fjármögnun ekki hlotið brautargengi. Umsókn um hringrásarhagkerfi í Tækniþróunarsjóð er dæmi þar um og á sama við um umsókn í Markáætlun Vísinda-og tækniráðs, sem var afar metnaðarfullt verkefni sem ráðist var í með Vestmannaeyjabæ, Listaháskólanum, Háskólanum á Akureyri, Þekkingarneti Þingeyinga, Merg ráðgjöf o.fl. Umhugsunarefni er hversu vísindamiðað mat fagráða Markáætlunar virðist hafa verið, en Rannís hefur ekki enn skilað frekari skýringum á matinu, þrátt fyrir óskir þar um.

Aðrir sjóðir sem skilað hafa neikvæðri niðurstöðu eru Horizon 2020 (Direct Food), Nýsköpunarsjóður námsmanna (ARKNÍN), Byggðaáætlun (umsókn með Minjastofnun) og umsókn um viðbótarstuðning við NÍN í áhersluverkefni SSNE. Þá skilaði umsókn um akstursþjónustu í dreifbýli (A10 hluti byggðaáætlunar), tengt frumhönnun göngu-og hjólreiðastígs frá Mývatni að Laugum ekki árangri.

Í dag liggja fyrir eftirfarandi umsóknir sem sendar hafa verið og bíða niðurstöðu úthlutunar:

- Þrjár umsóknir í uppbyggingarsjóð SSNE
- Umsókn í Loftslagssjóð
- Umsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Auk fjármögnunar á verkefninu sjálfu, hefur NÍN frá upphafi lagt áherslu á stuðning við frumkvöðla svæðisins, þ.m.t. tengt sókn í styrki samkeppnissjóða. Sérstakir fundir og viðburðir hafa verið haldnir til þess að styðja við frumkvöðla, m.a. í Kiðagili haustið 2019 og Skjólbrekku síðla sumars 2020. Á fésbókarsíðu NÍN er minnt reglulega á styrki sem eru í boði. Þá hafa sprotafyrirtæki verið tengd öðrum, m.a. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins (NSA), fjárfestingafélaginu Tækifæri. Þá er í gangi samstarf um um hakkaþonið *Hacking Norðurland* með Eimi, SSNE, SSNV o.fl.

6. Framhald NÍN

Árið 2020 var fordæmalaust, líkt og oft hefur komið fram í almennri umræðu á síðustu mánuðum. Það er jafnframt fordæmalaust að íslensk sveitarfélög í sameiningarviðræðum ráðist í verkefni á borð við NÍN og hljóti til þess stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sá stuðningur hefur skipt afar miklu máli og hefur lagt grunninn að öflugu starfi sem er í gangi í dag.

Það er ótalmargt í pípunum hjá NÍN sem heldur áfram að vaxa og dafna á nýju ári. Alls starfa sex manns að framgangi NÍN með beinum hætti, í 25-100% starfshlutfalli. Markmiðið er skýrt: *Að styðja við bakið á sjálfbærri nýsköpun í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit*. Sambandinu við grasrótina er haldið líflegu með markvissu samtali í raunheimi, á samfélagsmiðlum og rafrænum fundum. Tengslanet NÍN út fyrir svæðið stækkar og styrkist eftir því sem tíminn líður og ímynd NÍN styrkist. Á næstu mánuðum er mikilvægt að halda í áherslur upprunalegra markmiða NÍN, þ.e. að svæðið verði *í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar, tekið verði mið af tæknibreytingum og tækifærum tengdum þeim og byggðir upp og samnýttir innviðir sem treysta samkeppnishæfni svæðisins til lengri tíma*.

Vinna NÍN mun halda áfram á komandi mánuðum. Nú þegar er hefur vinna við allar aðgerðirnar sex hafist, þó mismikill árangur hafi náðst eftir aðgerðum. Spennandi vinna er framundan í aðgerð 1 (rannsókna- og nýsköpunarklasi: uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir), en eins og fyrr segir voru nýlega staðfest kaup á gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs í gamla barnaskólanum á Skútustöðum þar sem hýst verður fjölbreytt starfsemi.

Aðgerð 4 (uppbygging hringrásarhagkerfis í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi) og aðgerð 5 (greining auðlinda, mannauðs, innviða og regluverks) verða teknar áfram tengt uppfærslu aðalskipulags sveitarfélaganna beggja og í nokkrum aðskildum verkefnum. Til dæmis snýr norræna samstarfsverkefnið VALOR greiningu tækifæra og hindrana fyrir hringrás matvæla í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi, þar með talið greining á innviðum og regluverki og samanburði við aðstæður í Færeyjum og Grænlandi. Einnig er hafin greining á náttúruauðlindum með sérstöku tilliti til jafnvægis milli verndunar og nýtingar. Þá er vinna við fýsileikagreiningu orkukosta að hefjast.

Mikill kraftur var í aðgerð 2 (kolefnisbinding með skógrækt og landgræðsla með nýtingu heyfyrninga) árið 2020. Verkefnið KOLNÍN, sem byggir á vinnu rýnihópanna, var mótað á grunni langtímamarkmiða

aðgerðar 2 og sett af stað í lok árs 2020. KOLNÍN er 6 mánaða verkefni sem leggur grunn að stærri kolefnisbindingarverkefnum innan Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps og er þegar komið á samstarf við mögulega fjárfesta í samhengi kolefnisbindingar. Markmið verkefnisins er að framkvæma fýsileikagreiningu á 4-5 stærri svæðum sem geta nýst til að binda kolefni í gegnum skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Að auki hefur verkefnið SKÓGNÍN einnig verið sett á laggirnar sem snýr að því að kanna tækifæri í staðbundinni nýtingu skógarafurða í Þingeyjarsveit.

Afrakstur samstarfsverkefna NÍN og háskólanna sumarið 2020 verður nýttur til þess að þróa áfram aðgerð 3 (sameiginlegt vörumerki og bændamarkaði) og aðgerð 6 (samstaða íbúa og samhangandi upplifun ferðamanna á öllu svæðinu), í samstarfi við Mývatnsstofu. Þá verður lögð áhersla á markaðssetningu sem hluta af nýsköpun í staðbundnu hagkerfi utan höfuðborgarsvæðisins í samvinnu við Mývatnsstofu, sem er samnefnari ferðaþjónustu í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit og sér um markaðs- og kynningarmál á svæðinu. Nýlega var ráðinn þangað markaðs- og þróunarstjóri sem eflir núverandi verkefni Mývatnsstofu ásamt því að víkka starfsemina út enn frekar í samstarfi við Nýsköpun í norðri. Sameiginleg tækifæri í markaðsetningu eru einnig tekin fyrir í verkefninu Náttúruvernd í norðri. Mikilvægt er að tekið verði tillit til staðbundinna möguleika til markaðssetningar í komandi stefnumörkun ríkisins tengt breytingu á stofnanaumhverfi, t.d tengt Nýsköpunarmiðstöð og Íslandsstofu. Í sumum tilvikum getur borgað sig að safna faglegri þekkingu á einn stað, t.d. þekkingu á markaðsmálum innan Íslandsstofu en þá er mikilvægt að sú starfsemi sé án staðsetningar. Í öðrum tilvikum má sjá fyrir sér að staðbundin virðiskeðja nýsköpunar spanni samstarf menntastofnana, rannsóknastofnana, frumkvöðla og sérfræðinga í markaðsmálum. Að þessu er vert að hyggja í samhengi viðspyrnu Covid-19, jafnréttissjónarmiða og skilvirkrar nýtingar fjármuna sem ætlaðir eru til byggðaþróunar.

INNLENT

Úlla Árdal til Mývatnsstofu

Lovisa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

Mánudagur 11. janúar 2021
Kl. 16.17

DEILA

Mynd/Aðsend

Úlla Árdal hefur verið ráðin í starf markaðs- og þróunarstjóra Mývatnsstofu. Í tilkynningu kemur fram að staðan sé ný og markmiðið að efla núverandi verkefni Mývatnsstofu ásamt því að víkka starfsemina út enn frekar í samstarfi við Nýsköpun í Norðri.

7. Lærdómur af NÍN

NÍN hefur verið unnið á „fordæmalausum tímum“ og þegar horft er í baksýnisspegilinn má margskonar lærdóm draga af því varðandi nýsköpungetu og viðnámsþrótt í dreifðum byggðum. Meðal þeirra helstu eru:

1. *Greining tækifæri í nærsamfélaginu* - Vinna íbúa á íbúafundum og rýnihópum var grundvöllur mótunar aðgerðaáætlunar. Þátttakendur áttu ekki í vandræðum með að greina ótal tækifæri á svæðinu, sem urðu grundvöllur framtíðarsýnar og aðgerðaáætlunar fyrir svæðið.

2. *Mikilvægi þess að skilgreina sérstök tækifæri* – Í rýnihópavinnunni var þátttakendum gert að einblína á tiltekin tækifæri sem þótti fýsilegt að koma í framkvæmd á næstu mánuðum og árum. Skilgreining tækifæra og útfærsla aðgerða setti skarpari fókus á vinnuna.

3. *Strategískur stuðningur skiptir máli* - Stuðningur Jöfnunarsjóðs gerði NÍN kleift að styðja við frumkvöðlakraft á svæðinu og varð “púfa sem velti þungu hlassi”. Mikilvægt er að grunnfjármögnun stofnana og verkefna utan höfuðborgarsvæðis verði styrkt, en hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins í samanburði við íbúafjölda er hæst á höfuðborgarsvæðinu[1].

4. *Mannauður á svæðinu sem getur unnið með tækifærin* - Þó stundum þurfi að leita út fyrir svæðið er mikill mannauður fyrir hendi.

5. *Tengslanet út fyrir svæðin skipta miklu máli* - Miklu máli skiptir að tengjast stofnunum og fyrirtækjum utan við starfssvæðið. Slíkt gerir starfið meira spennandi og styður árangur staðbundins mannauðs.

6. *Byggjum ofan á það sem fyrir hendi er* - Samhliða því að horfa til nýrra fjárfestinga felast tækifæri í endurskilgreiningu og samþættingu innviða sem fyrir hendi eru.

7. *Aðlögunarhæfni er lykilorð* - Við þurfum að vera tilbúin að breyta áætlunum en halda okkur við markmiðin.

8. *Nýtum tæki og tól sem passa hverju tilefni* - Rafrænar lausnir eiga stundum við en ekki alltaf. Stundum þarf að setjast við eldhúsborðið og „tala íslensku“ til að ná til fólks.

9. *Nýtum tækni til að auka sveigjanleika til vinnu og samstarfs en virðum mörk* - Tækni, t.d. fjarfundir, getur breytt algjörlega hvernig við vinnum og aukið tækifæri víða um land í dreifðum byggðum. Við þurfum samt að virða þörf fólks til að hittast og tengja stað- og fjarsamskipti saman.

10. *Grasrótarstarf er grunnur að góðum aðgerðum og virkjar kraftinn í samfélaginu* - Sú þekking sem býr í íbúum og hefur komið fram á íbúafundum, fésbókarskilaboðum o.fl. er grunnurinn að þeim árangri sem hefur náðst. Kraftur íbúa virkjast og árangur næst.

[1] https://www.stjornarradid.is/verkefni/fleiri-rit/rit/2019/06/14/Verkefnahopur-skipadur-um-storf-an-stadsetningar/